

Um lúgu læðist bréf...

Í smekklegu smásagnasafni Páls Kristins Pálssonar, Burðargjald greitt, er að finna tíu stuttar sögur. Þessar sögur eiga sitthvað sameiginlegt, s.s. að þær eru hefðbundnar að byggingu, gerast í samtímanum og allar aðalpersónurnar eru karlmenn. Nafn bókarinnar er óvenjulegt og í ljós kemur að póstur gegnir mikilvægu hlutverki í flestum sagnanna. Ýmist hafa persónur unnið um árabíl hjá póstinum, eru að hefja störf þar eða að afdrifaríkt bréf læðist inn um lúguna. En það er fleira sem sameinar sögurnar og myndar rauðan þráð í bókinni. Allar fjalla þær um hjátrú, feigð og illa fyrirboða. Tengingin við nafn bókarinnar verður þá enn ljósari: örlög okkar eru löngu ákveðin, lífsbréfið stimplað og burðargjaldið hefur þegar verið greitt.

Smásögur Páls Kristins eru listrænar, fíngerðar og fágaðar. Þær eru svo fínþússaðar að safinn er eiginlega allur úr þeim. Endir fæstra þeirra kemur á óvart, s.s. að rithöfundur einn lendir í því að smásaga hans Bruni brennur inni, eða að Hávarður greyið, sem alltaf býst við hinu versta, deyr vegna misskilnings. Sögurnar eru kyrrlátar og vandvirknislegar, þær einkennast af hárfinni gamansemi og léttum leik með tvíræðni orðanna, eins t.d. í Hendi veifað og Háaloft. Eins og venja er til með smásögur þá snúast sögur Páls um einn atburð sem markar þáttaskil í lífi persónanna. En einhvern veginn rista þessar sögur ekki djúpt þrátt fyrir dramatískar uppákomur eins og bílslys og morð því söguhetjurnar ná ekki að hreyfa við manni. Í titilsögunni segir t.d. frá bílasala sem er að missa fyrirtæki sitt út úr höndunum og ímyndar sér að auki að hann þjáist af erfðum sjúkdómi. Þrengingar bílasalans ná ekki að vekja samúð, til þess er hann of fjarlægur og rolulegur. Besta og óvenjulegasta sagan er Ásjóna kölska, þar segir af dularfullum tvíburabræðrum sem reka fornfálega bókabúð (þeir eru m.a. með póstverslun). Sú saga er áleitin og skilur lesandann eftir í spurn en annars er yfirleitt gengið kyrfilega frá öllum lausum endum í sögunum.

Í sögum Páls Kristins er hvorki stílfágun og dýpt Gyrðis Elíassonar né orðheppni Þórarins Eldjárns, svo dæmi séu tekin af helstu smásagnahöfundum í íslenskum samtímabókmenntum. Burðargjald greitt er ósköp notaleg bók og nostursleg. En neistann vantar.

Páll Kristinn Pálsson
Burðargjald greitt
Forlagið 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir

Birt í DV 25.11.99